

## Vilnius 2014

Ferðalag mitt til Vilnius hefur svo sannarlega brennimerkt sér stað í hjarta mínu, mitt fyrsta ferðalag erlendis með þessum frábæra félagsskap. Þess má geta að með góðum hópi frábærra vina lögðum við í hann 2 dögum fyrir til þess að lengja ferðina, ferðuðumst 6 saman í hóp, já við buðum betri helmingunum með. Saman ferðuðumst við svo um Litháen í tæpa viku eftir ráðstefnuna sem gerði ferðalagið að risastóru ævintýri.



Þegar komið var til Vilnius á miðvikudegi var upplifunin hreint út sagt mögnuð, ég vissi ekkert við hverju var að búast en fékk fyrstu wow gæsa húðina af mörgum þessa ferð. Móttökurnar voru hlýlegar og aldrei hef ég fundið eins mikinn kærleika og virðingu fyrir hvor annari, einskonar systrakærleikur, sem erfitt er að útskýra. Ég er ofsalega glöð og ánægð með að hafa tekið þessa ákvörðun að fara með því ég er bæði stærri og sterkari fyrir vikið, búin að víkka út ladiescircle sjóndeildarhringinn svo um munar.



Hótelið var glæsilegt og öll þjónusta til fyrirmyndar, að taka þátt í undirbúningi fyrir Akureyri 2015 með tilheyrandi gleði var mjög gaman og æðislegt að sjá og heyra hvað margar konur eru spenntar fyrir litla landinu okkar. Fundurinn var skemmtilegur og virkilega gaman að sjá allar þessar konur allstaðar að úr heiminum sameinast í gleðinni. Fundasetta getur þó tekið á og þá er gott að vera vel útsofin og hress eins og alltaf er í þessum ferðum ☺ Skrúðgangangurinn var ævintýri líkust, þrumuguðir hafa skellt sér með þar sem það rigndi eins og enginn væri morgundagurinn en við létum það ekki á okkur fá og örkuðum allar sem ein á veitingastað þar sem dansinn dunaði langt fram á nótt. ☺ Heimapartíðið mitt var haldið á veitingastað rétt við hotelið þar sem Litháensku kournar eru frekar fáar og búa allstaðar um landið og höfðu ekki tækifæri til að bjóða öllum konunum heim. Þar var mikil

gleði, þjóðarréttir bornir á borð og þjóðleg skemmtiatriði. Þar kynntist ég mörgum skemmtilegum konum.

Landsafari var eitthvað sem boðið var uppá og fannst okkur tilvalið að kíkja á það, skráðum okkur í ferðina og vorum svo sótt af ekki svo traustvekjandi bílum.. keyrðum upp í sveit og svo byrjaði fjörið, bílstjórinn brunaði um skógarbotninn og litlu skipti hvort trjábólur eða stórfljót varð á vegi hans, við keyrðum í dágóða stund allir skellihlægjandi af taugaæsingi þar til annar bíllinn keyrði á trjából og þurfti að komast í slipp, ferðalagið heim til bílstjórans tók smá á taugarnar þar sem við fórum lengra og lengra inn í skóginn og var undirritaðri ekki orðið alveg sama.. Undrunin þegar við svo renndum í hlað var stórkostleg, fallegri stað hef ég sjaldan komið á, glæsieg hús, tjörn í garðinum, eplatré og smáhestur og kanína vappandi um lóðina, gestrisnin alveg frábær. Safaríð endaði með 6 brosandí andlitum sem öll voru sammála að þessu hefðum við ekki viljað missa af.



Galakvöldið var stórglæsilegt og umhverfið fallett, vel veitt og fjörið allsráðandi þó að sumir hafi verið farnir að þreytast og skórnir farnir að þrengja að svona á síðustu metrunum. Litháenskt strákaband gerði fullan sal af dömum ekki svo dömulegum á meðan þeir dönsuðu og sýndu hvað þeir eru liðugir og horfðu djúpt í augun á prúðbúnum dömum sem sumar algjörlega bráðnuðu við látbragðið. Diskó af bestu gerð tók svo við og fjörið tók völdin.. síðasta rútan heim var fjölmennust.



Þegar flestir fóru svo heim á sunnudegi, héldum við litli hópurinn af stað í ævintýra ferð um Litháen, skoðuðum bæi, sveitir, söfn og meðal annars leigðum okkur hús staðsett við vatn og höfðum okkar eigin sánu og hjólabát, frábært í alla staði og wow-ið hélt áfram á hverjum degi. Endurnærð á líkama og sál var svo haldið heim á leið algjörlega tilbúin í næstu ferð ☺

Þakklæti er mér efst í huga fyrir að vera hluti af þessum félagsskap og þetta var í fyrsta skipti en svo sannarlega ekki í það síðasta sem ég fer erlendis með þessum frábæru konum. Takk kærlega fyrir samveruna kæru vinkonur, og sjáumst á Akureyri 2015.

Rakel Hólm Sölvadóttir

LC-3 Reykjavík.